



UMSÖGN

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Drög að umsögn velferðarráðs við stafræna stefnu Reykjavíkurborgar

Með bréfi þjónustu- og nýsköpunarsviðs 8. nóvember sl. var óskað eftir umsögn um stafræna stefnu Reykjavíkurborgar. Á fundi velferðarráðs þann 15. nóvember fór fram kynning á stefnunni og óskaði velferðarráð eftir umsögn velferðarsviðs um stefnuna.

Umsögn:

Stafræna stefnan er nútímaleg og tekur til flestra atriða sem framsæknir starfsstaðir ættu að stefna að í stafrænum málum. Þá er gagnastefnan sérstaklega skýr. Vert er þó að leggja til nokkur atriði sem gætu gert stefnuna enn öflugri:

- Lagt er til að í stefnunni sé tiltekið að við þróun, kaup og innleiðingu á hugbúnaði og kerfum sé nýtt þétt verkefna- og vörustjórnun til að gæta ýtrasta aðhalds til að tryggja að kostnaðaráætlun og tímaáætlun og séu í takti við raunveruleikann. Jafnframt að á hverjum tíma verði stöðu verkefna, með þeim áætlunum og afurðum, markvisst og reglulega miðlað til haghafa og lipurri (agile) vöruþróun fylgt.
- Lagt er til að skýrt sé í stefnunni að ef þörf er á nýju kerfi sé nýting tilbúinna lausna fyrsti valkostur, nýting aðlaganlegra lausna sá næsti og sérsníði sé síðasti valkostur og í því tilviki að nýta sem mest tilbúna hugbúnaðarhluti.
- Í framhaldi af tillögu í 2. tölulið er lagt til að í stefnunni sé samt sem áður forgangsmál að uppbyggingu kerfa sé hagað í samvinnu við önnur íslensk sveitarfélög þar sem samrekstur kerfa er ákjósanlegasta form samvinnu og innkaup og þróun kerfa þar á eftir. Eins ætti að nýta eftir mætti reynslu og lausnir annarra sveitarfélaga utan landssteinanna sem við sjáum samleið með.